

Fundur foreldrafélags Varmárskóla 7. nóvember 2017 kl. 19:00 – 19:45 og kl. 21:45 – 22:50

Mættir: Árný Elva Ásgrímsdóttir, Elín María Jónsdóttir, Elísabet Jónsdóttir, Jón Þór Ragnarsson, Sigríður Ingólfssdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir.

Skv. ákvörðun síðasta fundar foreldrafélagsins sem haldinn var 2. nóvember var ákveðið að hittast fyrir fundinn með skólastjórnendum og velja annan fulltrúa okkar í skólaráðið til tveggja ára. Sigríður er fulltrúi í skólaráði frá því í fyrra og er á seinna ári sínu á þessu tímabili. Og taka fyrir önnur mál ef tími myndi vinnast til.

Umræður voru um hvort ákvörðun síðasta fundar væri rétt þar sem í 5. grein í lögum foreldrafélagsins segir: „Á aðalfundi skal kjósa fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára, tveir stjórnarmenn annað árið og þrír hitt árið, einn aðal og tveir til vara. Fulltrúar í foreldraráði mega ekki vera starfsmenn skólans“ og í 6. grein er tekið fram að á aðalfundi skulu kosnir fulltrúar skv. 5. grein. Rætt um að áður hefði skólaráð heitið foreldraráð og því ætti þessi grein við um val í skólaráð, og því væri einungis hægt að kjósa í skólaráð á aðalfundi og því ætti fulltrúinn frá því í fyrra að sitja áfram næstu tvö árin. Einnig rætt að stjórn tók ákvörðun fyrir síðasta aðalfund byggða á þessari sömu grein að kosnir yrðu tveir fulltrúar í foreldraráð FGMOS á aðalfundi sem var gert. Rætt að á þeim tíma var hvorki minnst á eða bent á að þessi grein ætti að vera um kosningu í skólaráð en ekki um kosningu í FGMOS og engar ábendingar komu fram um að það vantaði kosningu í skólaráð á dagskrá aðalfundar.

Rætt var mikilvægi þess að Brúarland ætti sinn fulltrúa í skólaráði til að sjónarmið þess hluta skólans kæmist á framfæri auk þess sem það stýttist í að sá skóli breytist í Helgafellsskóla og mikilvægt að lærdómurinn færist milli skólanna. Jón Þór og Elín upplýstu að þau hefðu bæði áhuga á að sitja í skólaráðinu, Elín á barn í Brúarlandi en aðrir stjórnarmenn eiga börn í Varmárskóla. Rætt um að skýra þurfi lög félagsins á næsta aðalfundi svo ekki sé vafi um hvernig eigi að vinna eftir þeim svo stjórn þurfi ekki að vera í vangaveltum og umræðum sem þessum. Ákveðið að spyrja skólastjórnendur hvort einhver aðili frá Brúarlandi sæti í skólaráði. Þá var klukkan orðin 19:45 og skólastjórnendur mættir svo ákveðið var að halda áfram þessum fundi að loknum fundi með skólastjórnendum – sjá „Fundargerð 7. fundar foreldrafélags Varmárskóla 2017-2018, 7. nóvember, með skólastjórnendum“. Skólastjórnendur upplýstu að enginn fulltrúi frá Brúarlandi sæti í skólaráðinu og fyrsti fundur skólaráðs á þessu skólaári væri fyrirhugaður mánudaginn 13. nóvember kl. 12:30. Fundi með skólastjórnendum lauk kl. 21:45 og þá var þessum fundi haldið áfram án Sigríðar sem þurfti að fara heim við lok fundarins með skólastjórnendum.

Eftir fund með skólastjórnendum var málið áfram rætt og fundarmenn komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu hvor túlkunin væri sú rétta. Var þá rýnt í lög félagsins þar sem sagt er að einfaldur meirihluti ráði úrslitum í öllum málum. Og til að leysa málið var ákveðið að kjósa um hvort ákvörðun fyrri fundar þann 2. nóvember stæði eða stæði ekki. Ákveðið að ef kosning félli þannig að ákvörðunin stæði og valinn yrði fulltrúi í skólaráð á þessum vettvangi að þá yrði kosið um hvort Sigríði yrði boðið að taka þátt í kosningunni þó hún væri ekki á staðnum. Og þá í lokin yrði kosið um fulltrúa foreldra til setu í skólaráði Varmárskóla til næstu tveggja ára. Var þá gengið til kosninga sem voru framkvæmdar með handaupprettum.

Kosið var um hvort ákvörðun fyrri fundar frá 2. nóvember stæði og val á fulltrúa foreldra í skólaráð væri eitt af því sem stjórn gerði þegar hún skipti með sér verkum. Meirihluti (þrír af fimm) kaus að ákvörðun stæði og því ætti að velja fulltrúa foreldra í skólaráð á fundi stjórnar eins og valið er í önnur hlutverk hennar fyrir utan setu í FGMOS.

Þá var kosið um hvort Sigríði yrði boðið að taka þátt í kosningunni þó hún væri ekki stödd á fundinum og kusu allir fimm aðilarnir að hennar atkvæði ætti að gilda.

Þá var kosið milli Jóns Þórs og Elínar til setu í skólaráði Varmárskóla næstu tvö árin og féll kosning þannig að þrír aðilar skiluðu auðu, einn aðili kaus ekki og tveir aðilar kusu Elínu. Hringt var í Sigríði og haldinn stuttur símafundur þar sem allir fundarmenn heyrðu í henni svo hún kæmi sínu atkvæði til skila. Niðurstaða kosninganna var því sú að Elín tekur sæti í sem fulltrúi foreldra í skólaráði Varmárskóla næstu tvö árin.

Fundi slitið 22:50

Næsti fundur verður haldinn skv fyrirfram boðaðri fundardagskrá með skólastjórnendum í fundarherbergi eldri deildar þann 5. desember kl 08:15 – 09:15 skv ákvörðun fundar með skólastjórnendum fyrr um kvöldið.

Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
 - o Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
 - o Kemur með hugmyndir fyrir skólann
 - o Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
 - o Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólastarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn
- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:

- o Lokið: Þjóða 1. bekkja velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. ágúst
- o Lokið: Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. Sept
- o Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- o Jólabingó 15. okt- 10. des
- o Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- o Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- o Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- o Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- o Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- o Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- o Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- o Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní
- o Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- o Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní